


# Fjórðungssamband Vestfirðinga



Alþingi, Umhverfisnefnd  
Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. P 135/3068  
komudagur 29. 7. 2008

Ísafirði 29. júlí 2008

*Umsögn til Alþingis frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.*

Vísa til bréfs dags 4. júlí þar sem kynnt eru drög að nefndarálini umhverfisnefndar Alþingis og drög að breytingartillögum vegna eftirfarandi laga

- A. *Frumvarp um skipulagslög, 374. mál, heildarlög, lagt fyrir Alþingi 135. löggjafarþing 2007-2008. Þingskjal 616*

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er kunnugt um væntanlega umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarpið og tekur undir þau atriði sem þar koma fram. Einnig vísar stjórn FV til samþykktar Landsþings sveitarfélaga frá 4. apríl s.l. varðandi frumvarpið. Þar sem áréttað er um sjálfsákvörðunarvald sveitarfélaga í skipulagsmálum. Er þetta sagt til áréttingar þar sem umhverfisnefnd Alþingis á ólokið umfjöllun um III kafla frumvarps til skipulagslaga (landskipulagsáætlun).

- B. *Frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál, heildarlög, lagt fyrir Alþingi 135. löggjafarþing 2007-2008. Þingskjal 617*

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er kunnugt um væntanlega umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarpið og tekur undir þau atriði sem þar koma fram.


Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga gerði einnig eftirfarandi bókun við umfjöllun um framangreint frumvarp á fundi sínum þann 24. júlí 2008.

*Kynnt drög að svari Sambands íslenskra sveitarfélaga sem stjórn tekur undir. Stjórn tekur einnig undir álit stjórnar Eyþings, sem fram kemur í fundargerð stjórnarfundar Eyþings 9. júlí s.l., þar sem skorað er á umhverfisnefnd Alþingis að endurskoða þá afstöðu sína að hafna því að uppbyggingu höfuðstöðvar Byggingarstofnunar verði utan höfuðborgarsvæðis. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga minnir á stefnumörkun Alþings með Byggðaaætlun 2006-2009 (samþykkt á 132. þingi), þar sem eitt af meginmarkmiðum sé uppbygging byggðakjarna og eitt af meginatriðum sé fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni..*

- C. *Frumvarp til laga breytingar á lögum um brunavarnir, 376. mál, flutningur verkefna Brunamálastofnunar.*

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er kunnugt um væntanlega umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarpið og tekur undir þau atriði sem þar koma fram.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

  
Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri